

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 24. maí 2023
Málsnúmer: 202305-0056
SS/KHS

Efni: Umsögn um beiðni um undanþágu til að veiða álfir.

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, dags. 22. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi frá Hákonni B. Harðarsyni, Svertingsstöðum 2 í Eyjafjarðarsveit, þar sem hann fer fram á undanþágu frá lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum til þess að skjóta allt að fimm álfir í þeim tilgangi að fæla álfir af beitarrhólfi við bæinn.

Margt virðist benda til þess að ágangur álfta í tún og akra á landbúnaðarsvæðum sé að aukast. Álfastofninn hefur farið stækkandi undanfarna áratugi og er ekki ólíklegt að aukið fæðuframboð vegna vaxandi fjölda kornakra og aukinnar grósku á túnnum og öðru ræktarlandi sé þar meðal orsakapátta. Þó skortir betri rannsóknir á þessu sem og rannsóknir á hversu mikið tjón ásókn álfta er í raun og veru. Þá er nauðsynlegt að mati Náttúrufræðistofnunar að vinna að stefnumótun varðandi þetta mál og rýna valkosti sem eru í stöðunni þ.m.t. nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar ef þörf þykir. Álfir hefur þá sérstöðu að njóta sérstakrar friðunar samkvæmt Bernarsamningnum, þannig að einungis er hægt að veita tímabundnar og staðbundnar undanþágur til veiða á henni til að koma í veg fyrir tjón.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er grundvallaratriði að ákvarðanir um að aflétta friðun álfar séu rökstuddar vandlega og byggðar á heildstæðu mati á t.d. umfangi og eðli tjóns á landsvísu, upplýsingum um árangur fæliaðgerða af ólíkum toga og greinargróðum upplýsingum um stofnþróun og útbreiðslu álfta í ólíkum landshlutum. Þannig er hægt að skilgreina almenn viðmið sem forsendur fyrir aðgerðum. Heppilegast væri ef stjórnunar- og verndaráætlun fyrir álfir og aðrar mögulegar tjónategundir lægu fyrir, líkt og var til umræðu í drögum að frumvarpi að breytingu á lögum nr. 64/1994 á síðasta kjörtímabili. Í dag skortir lagagrundvöll fyrir slíku og áætlanir ekki til staðar. Ef öll rök liggja að baki því að heimila veiðar á tjónategundum sem í dag eru friðaðar, þá gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við að sá möguleiki sé skoðaður svo lengi sem um mannúðlegar veiðiaðferðir sé að ræða og það sé öruggt að veiðarnar ógni ekki stofnum tegundarinnar. Fleiri sjónarmið en vísindalegt mat eru þó líkleg til að koma við sögu þegar friðun alfriðaðrar tegundar er aflétt, og eðlilegt að taka tillit til þeirra.

Eins og staðan er í dag eru þessar forsendur fyrir afléttingu friðunar ekki fyrir hendi að mati Náttúrufræðistofnunar og fara þarf í frekari vinnu til að skapa þann forsendugrundvöll, ekki síst með auknum rannsóknum en fyrst og fremst skýrari stefnumörkun. Náttúrufræðistofnun telur því óheppilegt að veita einstakar undanþágur við þær kringumstæður sem eru til staðar nú, þær rúmast frekar illa undir núverandi lagamma og það skapar einnig fordæmi fyrir því að fleiri slíkar undanþágur séu veittar án þess að yfirsýn sé yfir árangur eða áhrif aðgerða.

Varðandi aðferðina sem lögð er til að skjóta fimm fugla til að fæla hina burt þá er þetta aðferð sem hefur verið stunduð en það vantar vísindalegt mat á árangur hennar hér á landi. Athuganir



erlendis t.d. á grágæsum sýna að áhrifin geta verið sýnileg þ.e.a.s. aðrir fuglar hræðast en að þau vari yfirleitt í frekar stuttan tíma.

Náttúrufræðistofnun mælir því ekki með að undanþágan sé veitt en sannarlega er þörf á að veita bændum og öðrum sem verða fyrir mögulegu tjóni vegna ásóknar álfta í ræktarland ráðgjöf og aðstoð eins og viðeigandi er. Ekki kemur fram í erindinu hvort leitað hafi verið til Umhverfisstofnunar um leiðbeiningar sbr. 3. gr. laga nr. 64/1994. Þá eru stjórnvöld hvött til þess að vinna að skýrri stefnumótun um þessi mál og Náttúrufræðistofnun er reiðubúin að koma að vinnu við að efla þekkingargrunn um stofnvistfræði og hegðun álfta sem og annarra tegunda sem geta valdið tjóni.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

